

Dags. 27. nóvember 2020

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgrata 4
101 Reykjavík



Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 og lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008.

Í frumvarpinu er vikið að tilefni og nauðsyn lagasetningar. Þar kemur fram að lengi hefur verið litið til stúdentsprófs sem aðal inntökuskilyrðis í háskóla, sem hafi leitt til þess að nemendur sem hafi annars konar lokapróf frá framhaldsskólum af sama hæfniprepi hafi ekki átt jafnan rétt til inngöngu í háskóla. Auk þess sem orðalag gildandi laga sé háskólum ekki nægjanleg hvatning til að móta gagnsæ og skýr aðgangsviðmið fyrir nemendur sem hafa lokið iðn- og starfsnámi. Nauðsynlegt sé því að lagt sé mat á raunverulega hæfni, en hæfniviðmiðin gera nemendum, skólum, atvinnuveitendum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að sjá hvaða hæfni og getu nemendur geti vænst að búa yfir við námslok.

Þar kemur fram að frumvarpið feli fyrst og fremst í sér breytingu á aðgangsskilyrðum í háskóla þannig að í staðinn fyrir aðal skilyrði um að nemendur skulu hafa lokið stúdentsprófi komi nýtt skilyrði um að nemendur skuli hafa lokið lokaprófi frá framhaldsskóla á þriðja hæfniprepi. Tekið er fram að frumvarpið feli þar með í sér aukið jafnræði til náms óháð mismunandi námsleiðum nemenda og þeim lokaprófum frá framhaldsskólum sem nemendur hafa. Frumvarpið sé auk þess hvatning til háskóla að þeir setji sér skýr og gagnsæ aðgangsviðmið um það hvernig þeir meti hæfni, þekkingu og færni inn á einstakar námsbrautir. Með frumvarpinu sé háskólum gert að skilgreina aðgangsviðmið sín sem svarar til krafna um undirbúning fyrir viðkomandi háskólanám.

Samiðn fagnar þeim tillögum sem fram koma í frumvarpinu sem fela í sér jafngildinguna náms á þriðja hæfniprepinu fyrir inngöngu í háskóla. Mikilvægt er þó að ef gerðar verða frekari forkröfur fyrir inngöngu í háskólanám með aðgangsviðmiðum fyrir nemendur sem hafa lokið iðn- og verknámi að útfærslan sé með þeim hætti að hægt sé að uppfylla þær samhliða háskólanámi. Mikilvægt er að tryggja að samfella sé til staðar fyrir þá sem hafa lokið iðn- og verknámi beint inn í háskólanám.

Með vísan til framangreinds telur Samiðn að umrætt frumvarp hafi margt jákvætt fram að færa en tryggja verði að horft sé til þeirra atriða sem tilgreind eru að ofan.

F.h. Samiðnar

Elmar Hallgríms, framkvæmdastjóri Samiðnar